

starfseminnar fjárhagslega aðskilinn annarri starfsemi Háskóla Íslands og ekki niðurgreiddur hvorki af tekjum af annarri starfsemi háskólans né fjárframlögum til hans.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 9. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, sbr. 65. gr. háskólareglugerðar, nr. 98/1993, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Orðabók Háskólans nr. 119/1989.

Menntamálaráðuneytinu, 18. júní 1998.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

GJALDSKRÁ

vegna hunda- og kattahalds í Egilsstaðabæ fyrir árið 1998.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hunda í lögsagnarumdæmi Egilsstaðabæjar, sbr. stafl. b, 2. mgr. 2. gr. samþykktar nr. 241/1998 um hundahald í Egilsstaðabæ, er kr. 5.000 fyrir árið 1998.

Gjaldið greiðist árlega á gjalddaga 1. júlí 1998.

2. gr.

Handsömungjald, sbr. 6. gr. framangreindrar samþykktar, skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda kött í lögsagnarumdæmi Egilsstaðabæjar, sbr. stafl. b, 2. mgr. 2. gr. samþykktar nr. 256/1998 um kattahald í Egilsstaðabæ er kr. 2.500 fyrir árið 1998.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. júlí 1998.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Egilsstaðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að gilda á árinu 1998.

Umhverfissráðuneytinu, 18. júní 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.